

GJALDSKRÁ

vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis.

1. gr.

Almennt.

Við útgáfu byggingarleyfis í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppi og Svalbarðsstrandahreppi eða vegna annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er yfirferð teikninga, útmæling innan byggingarreits, lögboðið byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur, útgáfa byggingarstigsvottorða og öryggis- og lokaúttekt.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Gjaldið skiptist í afgreiðslugjald og fermetragjald eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

<i>Tegund byggingar</i>	<i>Afgreiðslugjald</i>	<i>Fermetragjald</i>
Íbúðarhúsnæði, bílgeymslur og gistihús	kr. 80.000	kr. 200
Stofnanir, verslunar- og þjónustuhús	kr. 80.000	kr. 100
Fristundahús	kr. 60.000	kr. 200
Gripahús, iðnaðarhús og sérbyggðar bílgeymslur	kr. 60.000	kr. 80
Vélagæmslur, gróðurhús og loðdýrahús	kr. 60.000	kr. 50
Aðstöðuhús, geymslur, gestahús og sambærilegt	kr. 30.000	kr. 200

Vegna viðbygginga við áður byggð hús skal greiða 30.000 kr. afgreiðslugjald og fermetragjald samkvæmt töflu.

Vegna breytinga á húsnæði, þegar húsnæði er ekki stækkað, skal greiða samkvæmt tímagjaldi, sbr. 3. gr. en þó að hámarki kr. 80.000.

3. gr.

Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Úttekt vegna leiguhúsnæðis (hver úttekt)	kr. 25.000
Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga á teikningum	kr. 15.000
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga	kr. 15.000
Úttekt vegna byggingarstjóra- og meistaraskipta	kr. 15.000
Stöðuleyfi vegna hjólhýsa, gáma o.þ.h.	kr. 10.000
Stofnun fasteignar/lóðar, ein lóð	kr. 10.000
Stofnun fasteigna/lóða, hver lóð umfram eina	kr. 5.000

Aðkeypt vinna við yfirferð séruppdratta greiðist af umsækjanda/framkvæmdaraðila samkvæmt reikningi frá verksala.

Fyrir vinnu sem ekki er innifalin í byggingarleyfisgjaldi eða ef kostnaður vegna vinnu byggingarfulltrúa er verulegur umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja til viðbótar tímagjald byggingarfulltrúa, sem er kr. 9.000.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2013, sem var 115,8 stig og tekur breytingum um áramót eftir byggingarvísitölu janúarmánaðar hvers árs.

5. gr.
Gildistaka.

Gjaldskráin sem sett er með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 hefur verið samþykkt á fundum sveitarstjórna sveitarfélaganna sem eiga aðild að byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis og tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar, 21. ágúst 2013.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.

Samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps, 2. september 2013.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

Samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, 11. september 2013.

Jónas Vigfússon sveitarstjóri.

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, 17. september 2013.

Jón Hrói Finnson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2014